



ÍSOR

á vit verðmæta

ÁRSSKÝRSLA 2004

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3
Starfsemi ÍSOR 2004	4
Reikningar ÍSOR 2004	8
Náttúrlegt koltvísýringsstreymi frá jarðhitasvæðum	10
Prívíddarsýn mæligagna	12
Viðnámsmælingar við Geysi	13
Hellisheiðarvirkjun	14
Skjálftamælingar í Kröflu	16
Þjónusta ÍSOR við orkufyrirtæki	17
ÍSOR activities in 2004	18
Starfsmannafélag OS og ÍSOR	19
Skrá yfir skýrslur og greinar 2004	20
Gagnavefsjá	23

ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR

Reykjavík: Orkugarður, Grensásvegí 9, 108 Rvk. • Sími: 528 1500 • Fax: 528 1699

Akureyri: Rangárvöllum, P.O. Box 30, 602 Ak. • Sími: 528 1500 • Fax: 528 1599

isor@isor.is • www.isor.is

Ritstjóri: Páll Ingólfsson • Umbrot: Brynja Jónsdóttir • Frágangur og myndvinnsla: Eflir, almannatengsl • Prentun: Svansprent

Forsíðumynd: Leirhver í Vonarskarði • Ljósmynd: Haukur Jóhannesson

ISBN 9979-780-20-7

Ávarp stjórnarformanns

Miklar breytingar hafa átt sér stað í lagaumhverfi orkugeirans á undanförunum misserum. Eitt meginmarkmið þeirra breytinga var að koma á samkeppni á þessu sviði. Rannsóknarstarfsemi mun ekki fara varhluta af þeirri þróun og þarf að aðlagja sig að breyttu umhverfi greinarinnar.

ÍSOR er samkvæmt lögum ríkisstofnun, undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Stofnuninni er stýrt af stjórn, sem ber ábyrgð gagnvart ráðherra. Ábyrgð á daglegum rekstri er í höndum forstjóra, sem ráðinn er af stjórn. Lagalegt veganesti stofnunarinnar við setningu laganna felst í því að hún skal vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála eftir því sem stjórn ákveður. Jafnframt skal stofnunin starfa á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR.

Hlutverk ÍSOR, að öðru leyti en að framan greinir, er ekki sérstaklega njörvað niður af löggjafanum. Stjórn er ætlað að hafa vakandi auga með því, hvernig rétt sé að þróa hlutverk ÍSOR eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. ÍSOR á að starfa á viðskiptalegum forsendum á samkeppnismarkaði og eiga því starfsskilyrði að vera sem líkust starfsskilyrðum hlutafélaga. Stjórnin hefur því þannig sama hlutverk og stjórnir hlutafélaga hafa.

ÍSOR býr því við mikið sjálfstæði. Það er hlutverk stjórnar að nýta það sjálfstæði með því að hafa frumkvæði um hvernig beri að efla stofnunina á markaði. Það er afskaplega spennandi verkefni en um leið ekki sjálfgefið hvernig standa skuli að því.

Stjórnin ákvað því að halda stefnumótunarfund síðastliðið haust um hið nýja hlutverk ÍSOR. Á þeim fundi var tekið fyrir hvert væri hlutverk stofnunarinnar, hver væri markaðsstaðan og hvernig bæri að viðhalda þeirri auðlind sem felst í sérfræðipækkingu starfsmanna. Fundurinn var einstaklega vel heppnaður og vil ég leyfa mér fyrir hönd stjórnar að lýsa því yfir að þar var okkur gefið afskaplega dýrmætt veganesti til að geta sinnt því hlutverki sem okkur er ætlað. Ef takast á að ná því markmiði að efla ÍSOR til framtíðar þarf að kortleggja og útfæra leiðirnar.

ÍSOR er þekkingarfyrirtæki og dýrmætasta auðlind fyrirtækisins er sú sérfræðikunnátta sem þar er fyrir hendi. Samkeppnishæfni ÍSOR á markaði stendur og fellur með henni. Takist ekki að varðveita og efla sérfræðipækkingu fyrirtækisins til framtíðar er hætta á ferðum. Þannig verður að huga vel að stöðu fyrirtækisins á markaðnum. Eins og staðan er um þessar mundir kemur mestur hluti teknanna frá fáum aðilum. Ef breytingar verða í starfsemi stærstu viðskiptavina ÍSOR kann landslagið að breytast hratt. Við verðum að leggjast markvisst yfir hvar ný sóknarfæri er að finna og marka okkur stefnu um hvar við ætlum einkum að bera niður til að efla fyrirtækið.

Við búum yfir mikilli sérfræðipækkingu á sviði orkurannsókna. Það er tvímælalaust okkar mesti styrkur. Okkur er ætlað að afla tekna til að standa undir starfseminni og efla hana. Okkur ber að halda þeirri stefnu að vera þekkingarbrunnur á sviði orkurannsókna. Við höfum séð meiri breytingar í íslensku viðskiptaumhverfi s.l. ár en nokkurn hefði órað fyrir. Hver hefði trúað því fyrir nokkrum árum að íslenskum fyrirtækjum myndi takast að hasla sér völl á erlendum mörkuðum eins og raun ber vitni. Við eigum að mínu mati fullt erindi í slíka útrás. Tækifærin eru til staðar. Ef vel tekst að skilgreina okkar markaði, sem og ný sóknarfæri þá er ekki nokkur vafi í mínum huga um að framtíð ÍSOR er björt og orkurík.



Stjórn ÍSOR. Frá vinstri eru Þórarinn E. Sveinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðrún Helga Brynleifsdóttir, formaður, Hákon Björnsson og Jóhannes Pálsson.

Guðrún Helga Brynleifsdóttir

Yfirlit forstjóra Ólafs G. Flóvenz



Árið 2004 var fyrsta heila rekstrarár Íslenskra orkurannsókna. Starfsemin ein- kenndist af óvenju miklum umsvifum. Þau má fyrst og fremst rekja til mikillar vinnu í tengslum við byggingu Hellisheiðar- og Reykjanesvirkjana, vaxandi áhuga ríkis og orkufyrirtækja á rannsóknum háhitasvæða og verkefna á sviði landgrunnsmála. Þessu til viðbótar koma ýmis hefðbundin verkefni eins og eftirlit með jarðhita- svæðum í vinnslu, vinnsluráðgjöf til orkufyrirtækja, bortækniráðgjöf, neysluvatns- rannsóknir, uppbygging gagnasafna um orkumál og jarðvísindi, jarðfræðikortlagning og starfsemi tengd umhverfismálum.

Rekstrarafkoma

Rekstrarafkoma ársins var góð, veltan var um 490 Mkr og rekstrarhagnaður eftir fjármagnsliði nam um 27 Mkr. Í samræmi við reglugerð og eðli starfseminnar er rekstrarhagnaði ÍSOR varið til að efla rannsóknarfærni stofnunarinnar. Eigið fé ÍSOR var í árslok um 143 Mkr og eiginfjárlutfall um 50%. Handbært fé í árslok var um 57 Mkr. Þótt fjárhagsstaða ÍSOR kunni að virðast traust er vert að geta þess að liðlega 65% af rekstrarkostnaði ÍSOR er launakostnaður. Þannig nemur handbært fé aðeins um tveggja mánaða launagreiðslum.

Nýjungar

Þar sem starfsemin byggir á sérþekkingu á sviði orku- og náttúruvísindisrann- sökna ver ÍSOR umtalsverðum fjárhæðum ár hvert til grunnrannsókna og þróunar á starfssviði sínu. Meðal athyglisverðustu nýjunga í rannsóknum ÍSOR eru mælingar á náttúrulegu gasútstreymi háhitasvæða og rannsóknir á sprungukerfum háhita- svæða með S-bylgjuklofnun. Frá þessum rannsóknum er sagt annars staðar í árs- skýrslunni. Tækjakostur ÍSOR er bætur jafnt og þétt. Á árinu var keypt nýtt tæki til röntgengreininga með styrk úr Bygginga- og tækjasjóði og í samvinnu við nokkrar aðrar rannsóknastofnanir. Einnig var keypt ný tegund af sambyggðum hita- og þrýstímælum sem gera það kleift að mæla hita og þrýsting í háhitaholum samfelld með dúpi og af mun meiri nákvæmni en áður. Þetta nýja tæki eykur mjög upplýs- ingar um hita- og þrýstibreytingar sem verða við vinnslu í háhitaholum.

Starfsmenn

Snemma árs voru ráðnir tveir nýir sérfræðingar að útibúi ÍSOR á Akureyri, Anett Blischke og Ragnar Ásmundsson. Þar með tvöfaldaðist stærð þess. Þá hætti Sigríð- ur Lárusdóttir störfum vegna veikinda en hún annaðist umsjón með borsvarfssafni ÍSOR. Í hennar stað var Erla Halldórsdóttir fastráðin til starfsins. Erla veiktist skömmu síðar og lést á aðfangadegi jóla.

Óvenju margir starfsmenn voru ráðnir að ÍSOR til sumarstarfa vegna mikilla anna við mælingar og rannsóknir. ÍSOR hefur þá stefnu að reyna að ráða jafnan hvert sumar nokkra háskólanema í þeim greinum, sem starfsemi ÍSOR byggist á, þ.e. jarðvísindum og verkfræði. Voru alls 13 stúdentar að störfum hjá ÍSOR sumarið 2004.

Húsnæðismál

Undir lok ársins 2003 náðist samkomulag um tímasettar endurbætur á húsnæði ÍSOR og Orkustofnunar í Orkugarði sem er í umsjá Fasteigna ríkissjóðs. Auk endurbóta á húsnæði Vatnamælinga á 3. hæð hófust framkvæmdir strax við inn- réttingar í kjallara og gerð tölvusalar þar, en tölvukerfi hússins hafði lengi legið und- ir skemmdum í allt of þröngu herbergi á 3. hæð. Gekk sú vinna afar seint og fyrst undir árslok 2004 var unnt að færa tölvumiðstöð Orkugarðs í salinn. Rafeindastofa



Erla Halldórsdóttir,
starfsmaður ÍSOR,
lést á árinu.

ÍSOR fluttist niður í kjallara um mitt ár og er nú öll rafeinda- og verkstæðisvinna ÍSOR þar til húsa. Ekkert hefur enn verið snert á endurbótum á loftræstikerfi á skrifstofum ÍSOR en þar er iðulega ýmist ískalt eða sjóðheitt. Er úrbótum lofað sumarið 2005. Þá var vinna við endurbætur á 1. hæð boðin út, en þar verður m.a. afgreiðsla Orkugarðs ásamt sameiginlegum fundarsal og mötuneyti. Framkvæmdir á 1. hæð hófust undir árslok 2004 og á þeim að ljúka á sex mánuðum.

Útibú ÍSOR á Akureyri fékk aukið húsnæði hjá Norðurorku á Rangárvöllum og verður þar til frambúðar. Í upphafi hafði staðið til að útibúið flytti í rannsóknarhús Háskólans á Akureyri ef leigan þar yrði sambærileg og annars staðar í bænum. Hún reyndist hins vegar langt yfir markaðsverði og sá ÍSOR sér ekki fært að flytja þangað inn. Þá sagði ÍSOR upp leigu á geymsluhúsnæði hjá Náttúrufræðistofnun en fær í staðinn geymslu og verkstæðisaðstöðu á Rangárvöllum.

Sambúðin í Orkugarði

Samskiptin við Orkustofnun voru góð á árinu sem endranær. Lokið var við að gera samninga um skiptingu sameiginlegs kostnaðar í Orkugarði. Þannig skipta stofnanirnar með sér kostnaði við rekstur húsnæðis, matstofu, símsvörun og tölvukerfis í hlutfalli við notkun en reksturinn er á höndum Orkustofnunar undir eftirliti ÍSOR. Þá kaupir ÍSOR þjónustu við bókhald, fjármál og starfsmannahald af Orkustofnun fyrst um sinn. Enn er ósamið um framtíðarfyrirkomulag bókasafns Orkustofnunar og aðkomu ÍSOR að því. Þá var á árinu gerður langtímasamningur milli aðila um ýmsa opinbera þjónustu sem ÍSOR veitir fyrir hönd Orkustofnunar.

Stofnanasamningar

Haustið 2004 tókust samningar um nýjan stofnanasamning milli stéttarfélagas starfsmanna og ÍSOR á grundvelli gildandi kjarasamninga. Þessi samningur markar tímamót að tvennu leyti. Í fyrsta lagi varð gerður einn samningur við öll fimm stéttarfélögin sem í hlut áttu, og í öðru lagi var samið um árangurslaunakerfi þar sem laun eru tengd afkomu ÍSOR. Þannig taka starfsmenn áhættu og fá lakari laun ef illa gengur en njóta þess á móti ef vel gengur í rekstri ÍSOR. Jafnframt er lögð áhersla á að draga úr vægi yfirvinnu í heildarlaunum.

Þátttaka í erlendu samstarfi

ÍSOR hefur tekið þátt í starfi ýmissa alþjóðasamtaka fyrir Íslands hönd. ÍSOR á aðild að EuroGeoSurveys, sem eru samtök jarðfræðistofnana Evrópuríkja með skrifstofu í Brussel. Þá hefur ÍSOR lagt til fulltrúa í stjórnarnefnd orkuáætlunar 6. rammaáætlunar Evrópusambandsins, átt fulltrúa í stjórn Alþjóða jarðhitasambandsins, og starfað í bortæknihóp á vegum jarðhitasamstarfs Alþjóða orkustofnunarinnar, IEA. Þar sem ÍSOR fær engar fjárveitingar á fjárlögum hefur hluti kostnaðar við þátttöku ÍSOR í erlendu samstarfi fyrir Íslands hönd verið greiddur af Orkustofnun.

Ársfundur 2004

ÍSOR hefur markað þá stefnu til næstu ára að halda ársfundi sína hér og þar um landið. Fyrsti ársfundur ÍSOR var haldinn á Akureyri 17. mars 2004. Yfirskrift fundarins var „Orkurannsóknir á Norðausturlandi“. Á fundinum flutti Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, ávarp, Ólafur G. Flóven, forstjóri ÍSOR, gaf yfirlit um starfsemina, jarðfræðingarnir Ásgrímur Guðmundsson, Árni Hjartarson, Kristján Sæmundsson og Bjarni Richter fluttu erindi um háhita, vatnsorku, lághitasvæði og setlagarannsóknir á og við Norðurland, Franz Árnason, forstjóri Norðurorku og Bjarni



Nýr röntgengreinir var tekinn í notkun á árinu. Með honum eru einkum greind sýni af svarfi við bergfræðirannsóknir og af útfellingum í jarðhitakerfum, auk sýna frá byggingar- og lyffjaidnaði.



Frá stefnumótunarfundi.

Starfsemi ÍSOR 2004

Bjarnason framkvæmdastjóri hjá Landsvirkjun ræddu framtíðarsýn fyrirtækja sinna og loks flutti stjórnarformaður ÍSOR, Guðrún Helga Brynleifsdóttir lokaorð og sleit fundi. Þátttaka varð vonum framar, vel yfir 100 manns mættu og troðfylltu salinn og heppnaðist fundurinn vel.

Stefnumótun

Í tengslum við ársfundinn var haldinn hugarflugsfundur, sem starfsmenn og stjórn ÍSOR sátu og ræddu ýmis innri málefni ÍSOR og hvernig bæta mætti starfsemi. Stjórn ÍSOR ákvað upp úr því að hefjast handa við vinnu að framtíðarstefnumótun. Fyrsta skrefið í þeirri vinnu var stefnumótunarfundur sem haldinn var í Viðey 12. nóvember. Stjórnin bauð ýmsum stjórnendum ÍSOR og fulltrúa starfsmanna til fundarins. Urðu þar mjög gagnlegar umræður. Í kjölfarið var boðað til almenns stefnumótunarfundar meðal starfsmanna ÍSOR þann 14. janúar 2005.

Horfur framundan

Pegar litið er til framtíðar verður ekki annað séð en að horfur fyrir starfsemi ÍSOR hér innanlands séu þokkalegar til næstu ára, a.m.k. meðan mikil uppbygging er í jarðhitavirkjunum. ÍSOR byggir starfsemi sína að miklu leyti á jarðhitarannsóknunum og þótt árangur af þeim hafi orðið gríðarmikill á Íslandi gengur fremur illa að selja þá þekkingu til útlanda enda eru mörg helstu jarðhitasvæði jarðar í fátækum þróunarrikjum. Þó eru bundnar vonir við að markaðsstarf Enex hf., sem ÍSOR er hlut-

Menn skrá hjá sér athuganir



Við að leggja út rafmagnsvíra í TEM-mælingum gildir stefna áttavítans og þýðir ekki að segja, að betri sé krókur hjá en kelda. Sæmundur Ari og Þorbjörn, sumarmenn, á leið yfir keldu í Öxarfirði.



Þorsteinn Egilson í blíðviðri í Öxarfirði



Það er stundum, en ekki alltaf, auðvelt að komast að volgrum til að mæla hita.



hafi í, fari að skila árangri og eins er mögulegt að út úr verkefnum Próunarsamvinnustofnunar Íslands á sviði jarðhita komi verkefni til ÍSOR.

Pegar lítið er til skyldrar starfsemi innanlands er það nokkuð ljóst að þar gætu verið nokkrir möguleikar til hagræðingar og þróunar. Þetta á einkum við á sviði jarðvísinda þar sem færa má gild rök fyrir því að æskilegt væri að sameina jarðfræðihluta Náttúrufræðistofnunar og ÍSOR. Einnig er ljóst að Vatnamælingar geta ekki átt heima á Orkustofnun til frambúðar vegna augljósra hagsmunaárekstra og Jarðhitaskólinn ekki heldur eftir að rannsóknastarfsemi á sviði jarðhita fluttist yfir á ÍSOR. Hvort æskilegt er að sameina þessa hluta Orkustofnunar ÍSOR skal ekki fullýrt hér en full ástæða er til að hafa þann kost í huga.

Á ÍSOR er samankomin mikil þekking á jarðhita og tækni til rannsókna og nýtingar hans. Umtalsverðan hluta þeirrar þekkingar er ekki að finna annars staðar hérlandis. Á ÍSOR er fjöldi sérfræðinga sem efalítið myndu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til prófessora við háskóla enda kenna þeir margir við Háskóla Íslands, Tækniháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri auk Jarðhitaskólans. Er bæði um að ræða kennslu í grunnnámi og leiðsögn meistaranema. Þessi mál eru fremur laus í reipunum og ber nauðsyn til að semja við háskólana um að ÍSOR komi í framtíðinni að kennslu og þjálfun í jarðhitafræðum á skipulagðari hátt en nú er og þeir sérfræðingar ÍSOR sem kenna fá akademískt starfsmat.

Stefnumótunarvinna ÍSOR sem nú er í gangi mun m.a snerta ofangreinda þætti og vonandi skila ÍSOR sem sterkari stofnun eða fyrirtæki inn í framtíðina.

og mælingar við misjafnar aðstæður



Kristján
Sæmundsson
í kulda
í Torfajökli.



Árni Hjartarson
í skála,
hátt uppi í
Kerlingarfjöllum.



Til að taka
vatnssýni þarf
efnafræðing og
handhægt
sýnatökusett.
Magnús Ólafsson
með settið á
Hveravöllum.



Gluggað í jörðina

„Fegurð hrifur hugann meir
ef hjúpuð er;
svo andann gruni ennþá fleir
en augað sér.“

Þetta á ekki við um jarðfræðinga því
þeir vilja vita hvað er undir yfirborðinu.



Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Íslenskra orkurannsókna, ÍSOR, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og er gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Um Íslenskar orkurannsóknir gilda ákvæði laga nr. 86/2003. Hlutverk þeirra er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála.

Samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af rekstri fyrirtækisins á árinu að fjárhæð 27.099 þús. kr. Eignir Íslenskra orkurannsókna námu 282.425 þús. kr. og eigið fé nam 142.938 þús. kr. í árslok 2004 samkvæmt efnahagsreikningi. Að öðru leyti vísast til ársreiknings um rekstur stofnunarinnar á árinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Stjórn Íslenskra orkurannsókna og forstjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. mars 2005.



Guðrún Helga Brynleifsdóttir,
formaður.



Svanfríður Jónasdóttir.



Hákon Björnsson.



Þórarinn E. Sveinsson.



Jóhannes Pálsson.



Ólafur G. Flóvenz,
forstjóri.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Íslenskra orkurannsókna

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslenskra orkurannsókna fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 7. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Íslenskra orkurannsókna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Íslenskra orkurannsókna á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 9. mars 2005



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.



Sveinn Arason,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2004

	Skýr	2004	2003
Rekstrartekjur:			
Þjónustutekjur		366.997.070	168.328.351
Leigutekjur		92.193.625	54.621.491
Framlög og styrkir.....		30.304.744	18.409.291
Rekstrartekjur		489.495.439	241.359.133
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1	297.622.694	132.632.724
Önnur rekstrargjöld	6	136.996.770	78.142.169
Afskrifir	3	25.660.632	10.637.991
Rekstrargjöld		460.280.096	221.412.884
Rekstrarhagnaður.....		29.215.343	19.946.249
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	2	(2.116.001)	(1.425.829)
Hagnaður ársins		27.099.342	18.520.420

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

	Skýr	31.12.2004	31.12.2003
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	3	77.499.429	68.309.005
		77.499.429	68.309.005
Áhættufjármunir			
Hlutabréf.....	4	4.030.432	4.030.432
		4.030.432	4.030.432
Fastafjármunir		81.529.861	72.339.437
Veltufjármunir			
Óreikningsfærð verk.....		7.090.908	7.501.112
Skammtimákröfur.....		136.603.907	150.288.430
Sjóður og bankareikningar.....		57.200.354	22.586.435
Veltufjármunir		200.895.169	180.375.977
Eignir alls		282.425.030	252.715.414
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll.....	5	142.937.634	118.624.196
Eigið fé alls		142.937.634	118.624.196
Skuldir			
Skammtimaskuldir			
Skammtimaskuldir.....		139.487.396	134.091.216
Skuldir alls		139.487.396	134.091.216
Eigið fé og skuldir alls		282.425.030	252.715.414

Sjóðstreymi árið 2004

	Skýr	2004	2003
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
Hagnaður ársins.....		27.099.342	18.520.420
Afskriftir.....	3	25.660.632	10.637.991
<i>Veltufé frá rekstri</i>		52.759.974	29.158.411
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtimákröfur, (hækkun).....		14.094.725	(132.057.657)
Skammtimaskuldir, (hækkun).....		5.396.180	110.072.046
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</i>		19.490.905	(21.985.611)
Handbært fé frá rekstri		72.250.879	7.172.800
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar.....	3	(37.636.960)	(11.173.883)
Fjárfestingahreyfingar		(37.636.960)	(11.173.883)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		34.613.919	(4.001.083)
Handbært fé í upphafi rekstrar.....		22.586.435	26.587.518
Handbært fé í lok ársins		57.200.354	22.586.435

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Íslenskra orkurannsóknna er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í íslenskum krónum. Að öðru leyti er hann í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og notaðar voru árið áður

Tekjur

Tekjur eru færðar við útgáfu reikninga. Í árslok eru áunnar óreikningsfærðar tekjur tekjufærðar.

Gjöld

Gjöld eru bókfærð eftir að reikningar hafa verið samþykktir. Í árslok eru ógreidd gjöld ársins bókfærð.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan endingartíma eignanna þar til niðurlagsverði er náð.

Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á nafnverði.

Skammtimákröfur

Skammtimákröfur eru færðar á nafnverði án niðurfærslu.

Handbært fé

Handbært fé eru óbundnar innistæður á bankareikningum.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna Íslenskra orkurannsóknna hefur ekki verið færð sérstaklega.

Skammtimaskuldir

Skammtimaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skattar

Stofnunin greiðir hvorki tekju- né eignarskatt.

Náttúrlegt koltvísýringsstreymi frá jarðhitasvæðum

Rannsóknarverkefni sem m.a. mun nýttast við mat á umhverfisáhrifum jarðhitavirkjana

Vorið 2004 hófst nýtt þriggja ára rannsóknarverkefni undir stjórn Íslenskra orkurannsóknna sem hefur það markmið að ákvarða náttúrlega losun koltvísýrings í andrúmsloft frá íslenskum jarðhitasvæðum. Upplýsingar sem aflað verður í þessu verkefni munu m.a. nýttast við mat á umhverfisáhrifum jarðhitavirkjana því að þær má nota til að meta hlutfallslega aukningu á koltvísýringslosun við virkjun. Þá munu niðurstöður verkefnisins auka skilning á koltvísýringsbúskap háhitasvæða og megineldstöðva almennt og bæta þannig mat á náttúrlegu koltvísýringsútsreymi frá Íslandi.

Samsætuhlutföll koltvísýrings í íslenskum háhitakerfum benda til að hann sé að mestu leyti ættaður úr möttli en víða erlendis er hluti koltvísýrings í jarðhitakerfum myndaður við niðurbrot lífrænna efna í jarðlögum eða við myndbreytingu á kalkríku sjávarseti. Við háan þrýsting leysist koltvísýringur í nokkru magni í basaltkviku en leysnin minnkar mjög við þrýstilétti. Þannig losnar koltvísýringurinn að verulegu leyti úr kvikunni er hún berst, frá möttli, upp í rætur háhitakerfanna og svo enn frekar er kvikan kristallast. Koltvísýringur sem losnar úr kviku við afgösum og kristöllum leysist í jarðhitavökva sem kolsýra. Koltvísýringurinn losnar úr jarðhitavökvanum eftir þremur leiðum; við útfellingu kalsíts eða annarra karbónatsteinna; með því að leysast upp í grunnvatni sem er yfir jarðhitakerfinu; og loks getur hluti koltvísýringsins borist í andrúmsloftið. Verkefnið beinist einkum að því að ákvarða, með beinum mælingum, stærðargráðuna á þriðja þættinum þ.e. losun koltvísýrings í andrúmsloft. Tilraunir verða þó gerðar á síðari stigum verkefnisins til að leggja mat á hina þættina með líkanreikningum.

Á jarðhitasvæðum losnar koltvísýringur í andrúmsloft einkum með þrennum hætti, með gaslosun um jarðveg, með gufu úr gufuaugum og sprungum og með loftbólum í gufuhitadum pollum eða leirpyttum. Í gasflæðiverkefninu er magn koltvísýrings sem losnar eftir þessum leiðum ákvarðað. Mismunandi aðferðum er beitt við mælingar eftir eðli flæðisins. Losun um jarðveg er mæld með koltvísýringsflæðimæli sem lagður er á jörðina en losun úr gufuaugum er ákvörðuð með því að mæla gufustreymi frá augum með því að koma gashraðamæli fyrir í mæliröri með þekktu þvermáli og greina styrk koltvísýrings í gufunni. Losun um gufuhitaða polla er ákvörðuð með því að mæla varmatap frá viðkomandi polli, sem er mælikvarði á magn gufunnar sem kemur inn í pollinn, og mældur styrkur koltvísýrings í gufu er svo notaður til að reikna hve mikill koltvísýringur hefur fylgt henni.

Sumarið 2004 voru gerðar mælingar á koltvísýringsflæði um jarðveg á Reykjanesi, í Kröflu, á Peistareykjum og í Öxarfirði. Þá var gaslosun um gufuaugu og polla mæld á Reykjanesi. Frekari mælingar eru fyrirhugaðar í Kröflu og á Peistareykjum næstu tvö sumur og næsta haust hefjast mælingar í Hengli á vegum Orkuveitu Reykjavíkur. Verkfræðistofnun HÍ tekur þátt í verkefninu og felst þáttur hennar í því að kanna notagildi loftmynda á innrauðu sviði við að meta koltvísýringsflæði um jarðveg með óbeinum hætti. Ef sú aðferð reynist vel er fundin ódýr og fljótleg leið til að afla mikilla upplýsinga um koltvísýringsflæði á öðrum jarðhitasvæðum landsins.

Frumniðurstöður frá jarðhitasvæðinu á Reykjanesi (sunnan við Gráa lónið) benda til þess að losun um jarðveg yfirgnæfi losun um gufuaugu og gufuhitaða polla. Heildarlosun koltvísýrings er um 5.100 tonn á ári og þar af losna 96,6% um jarðveg, 2,2% um gufuaugu og 1,2% um gufuhitaða polla. Kortið sýnir hvernig koltvísýringslosun um jarðveg dreifist um svæðið. Á myndinni sést að svæði sem einkennast af miklu koltvísýringsflæði eru ílöng og stefna N-S til NNA-SSV. Lögun afgösunarsvæðanna bendir til þess að losun koltvísýrings stýrist af sprungum í berggrunni.




Mælingar á koltvísýringsflæði um jarðveg í Öxarfirði í ágúst 2004. Mælihölf er lagt á jörðina og styrkur koltvísýrings í hölfinu er mældur með ljósgleypnimæli sem komið er fyrir í bakpoka. Aukning á styrk koltvísýrings í hölfinu er mælikvarði á flæði um jarðveginn.



Vinstri mynd: Gufusýni tekið úr gufusprungu að lokinni rennslismælingu. Þegar heildarflæðið úr gufusprungunni er þekkt sem og styrkur koltvísýrings í gufunni má reikna flæðihraða koltvísýrings úr viðkomandi sprungu.
Hægri mynd: Mælingar á gufluflæði úr sprungu á Reykjanesi. Gúmmídúkur hefur verið strengdur yfir gufusprungu og gufunni úr henni er beint í mælirör þar sem gashraðamæli hefur verið komið fyrir.

Eins og fyrr segir eru mælingar á koltvísýringslosun um gufuaugu og gufuhitaða polla byggðar á mælingum á gufustreymi og því er einnig hægt að nota þær mælingar til að leggja mat á varma sem tapast eftir þessum leiðum. Þannig fæst að gufustreymið frá gufuaugum á Reykjanesi samsvarar 2,2 MW og um pollana tapast um 1,2 MW. Sé gert ráð fyrir því að sá koltvísýringur sem berst til yfirborðs um jarðveg hafi borist þangað með gufu með sama koltvísýringsstyrk og gufan í gufuaugunum þá samsvarar það 96,6 MW af varmaorku. Mælingar á varmaflæði til yfirborðs um jarðveg sem byggja á hitamælingum í jarðvegi benda hinsvegar til þess að varmaflæði um yfirborð sé aðeins um 17 MW. Nærtækasta skýringin á þessum mismun er að meira en 80% þess varma sem berst með gufu neðan úr jarðhitakerfinu í átt til yfirborðs tapist við að hita upp kalt grunnvatn nærri yfirborði en aðeins um 20% skili sér alla leið til yfirborðs.


Verkefnið er styrkt af Rannsóknamiðstöð Íslands, Auðlindadeild Orkustofnunar, Landsvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja auk ÍSOR og Orkuveitu Reykjavíkur. ÍSOR fékk styrk frá Bygginga- og tækjasjóði Rannís til að kaupa gasflæðimæli og gashraðamæli vegna þessa verkefnis.



Koltvísýringsflæði um jarðveg á jarðhitasvæðinu á Reykjanesi.

Þrívíddarsýn mæligagna

Fledermaus hugbúnaður auðveldar túlkun gagna við orkurannsóknir



Æfst: Fjölgeilsamælingar skipulagðar með Landhelgisgæslunni.
Í miðrið: Niðurstæða dýptarmælinga.
Neðst: Þrívíddarkort gert eftir hæðarlínugagnagrunni Landmælinga Íslands.

Fram til þessa hafa mæligögn við rannsókn náttúruauðlinda aðallega verið skoðuð á tvívíðu formi sem kort eða þversnið. Með hugbúnaði frá IVS (Interactive Visualisation System), sem nefndur er Fledermaus, er hægt með tiltölulega einföldum hætti að samtúlka tvívíð og þrívíð gögn og skilja samhengi náttúrlegra fyrirbæra jafnt á yfirborði sem neðanjarðar. Á þann hátt er hægt að fá betri innsýn í eðli fyrirbæra, sem er grundvöllur þess að nýting auðlinda verði sem hagkvæmust.

Fledermaus var upphaflega hannað til að vinna úr fjölgeislardýptarmælingum af hafsbotninum í hárrí upplausn. Forritið hefur verið notað til að útbúa þrívíddarkort útfra mælingum Hafrannsóknastofnunarinnar og Sjómælinga Íslands í tengslum við hafréttarmál Íslands sem og rannsóknir á landgrunni Norðurlands.

Í framhaldi af því var farið að gera tilraunir með þrívíða framsetningu ýmissa gagna tengdum jarðhitarannsóknnum fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, aðallega af Hellisheiði. Gögnin komu frá þverfaglegum sviðum, s.s. jarðfræði, landafræði, jarðeðlisfræði og verkfræði og hægt er að sýna þau öll í einu sé þess óskað. Safnað var saman gögnum úr borholum og upplýsingum af jarðfræðikortum og loftmyndum og frá viðnámsmælingum o.fl. Áframhald verður á þessu verkefni árið 2005 og þrívíddarlíkanið uppfært reglulega.


Þetta líkan er auk þess hægt að nýta, bæði til að gefa almenningi betri innsýn í landfræði- og jarðfræðilegar aðstæður og ekki síður til beinna rannsókna og áætlanagerðar, s.s. við staðsetningu borholna og til að áætla stefnu þeirra og dýpi. Einnig ætti þetta að vera gott tæki til eftirlits á jarðhitasvæðum eftir að vinnsla er hafin, bæði til að fylgjast með breytingum á yfirborði og í sjálfum jarðhitageyminum.

Annar ótvíræður kostur Fledermaus er gerð myndefnis, bæði hefðbundinna ljósmynda og kvikmynda. Þar felast miklir möguleikar á sjónrænni framsetningu gagna. Má segja að nánast eini takmarkandi þátturinn sé ímyndunarafl þess er vinnur með Fledermaus.

Vonast er til að sambærileg líkön af öðrum háhitasvæðum, s.s. Reykjanesi, Svartsengi og Kröflu, muni á sama hátt nýtast við rannsóknir.

Allar Fledermaus myndir á síðunni eru yfirhækkaðar.

Jarðhitasvæðið á Reykjanesi er fyrir miðju. Rauðir punktar eru borholur og gulir fyrirhugaðar holur.



Viðnámsmælingar við Geysi

Á árunum 2002 og 2003 var ráðist í viðnámsmælingar við Geysi til að kanna eðli og stærð jarðhitakerfisins. Slíkum mælingum er beitt við rannsókn háhitasvæða því með þeim er hægt að nema víðáttu þess bergs sem ummyndast hefur fyrir tilverknad háhitans. Einkennandi viðnámsmynd af háhitakerfi er lágviðnámskápa sem liggur utan á háviðnámskjarna. Lágviðnámskápan svarar til beltis ummyndunarsteindanna smektíts og zeólíta, sem verða til við hitastig á bilinu allt frá 100° til 230°C í háhitakerfum. Zeólítar og einkum smektít leiða vel rafstraum og valda hinu lága viðnámi í lágviðnámskápunni. Við hærra hitastig en 240°C í jarðhitageyminum hverfa zeólítar og smektít breytist í klórít, sem verður ráðandi ummyndunarsteind. Lagið þar sem bæði smektít og klórít finnast er nefnt blandlag. Klórítið leiðir ekki vel rafstraum og því sjást með viðnámsmælingum skil á milli lágviðnámskápunnar og háviðnámskjarnans þar sem klórít verður ráðandi. Þessi leiðniskil svara til hitastigs um 240°C.

Svo fremi að jafnvægi ríki á milli ummyndunar og hitastigs er hægt að nema umfang þess rýmis, þar sem hitastig er um eða hærra en 240°C, niður á um þúsund metra dýpi. En það er ekki algilt að hitastig sé í jafnvægi við ummyndun bergsins. Hitaástand jarðhitakerfis getur breyst vegna ytri aðstæðna s.s. jarðskjálfta. Jafnvægi getur þá raskast á milli hita og ummyndunar og er ummyndunin þá merki um hæsta hita sem ríkt hefur í kerfinu fremur en nýtt hitaástand.

- Viðnámsmælingarnar gefa til kynna að aðaluppstreymi í Geysissvæði sé um sprungu, sem nær yfirborði í Geysi og liggur síðan u.þ.b. 4 kílómetra í stefnu NNA. Í SSV-átt virðist dýpka á sprunguna.
- Viðnám á 600–700 metra dýpi u.s. gefur vísbendingu um uppstreymisprungu við austurjaðar háhitakerfisins, með sömu stefnu og Geysisprungun.
- Lágt viðnám í nágrenni Geysissvæðisins bendir til heitra vatnskerfa, sem að hluta gætu verið afrennsli frá Geysissprungunni. Þessi vatnskerfi gætu einnig verið fædd af heitavatnssprungum óháðum háhitakerfinu í Geysi, svo sem sprungunni í austurjaðri jarðhitakerfisins.
- Viðnámsmælingarnar sjá ekki háviðnámskjarna niður á 1000 metra dýpi í jarðhitakerfinu. Þetta getur þýtt að hámarkshitastig fari ekki yfir 230–240°C. Efnagreiningar á vatnssýnum úr Geysissvæði benda til 240–250°C hámarkshitastigs í jarðhitakerfinu.
- Viðnám á 1000 metra dýpi bendir til að lágviðnámskápa þeki um 11–12 ferkílómetra flöt. Gengið er út frá þessari ályktun við mat á „stærð“ háhitasvæðisins.


Rannsóknasvið Orkustofnunar annaðist mælingarnar en úrvinnsla gagnanna fór fram á ÍSOR fyrir Orkustofnun.

Æfsta kortið sýnir legu TEM-viðnámsmælistaða og aðaluppstreymissprunguna sem Geysir er á. Hún kemur skýrt fram á kortinu fyrir neðan af viðnámi við sjávarmál. Einnig er sýnd (með brotinni línu) hugsanleg uppstreymissprungu við austurjaðar svæðisins og kemur fram á viðnámskortinu af 700 m dýpi. Út frá viðnámi á 1000 metra dýpi er stærð háhitasvæðisins metin.

Rannsóknir á stærð og gerð jarðhitakerfis



Strokkur í Haukadal.



Hellisheiðarvirkjun

Borholurannsóknir og hugmyndalíkan af jarðhitakerfi

Orkuveita Reykjavíkur hefur staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknum á Hellisheiðarsvæðinu undanfarin ár. Niðurstöður þeirra leiddu til þess að stjórn veitunnar ákvað árið 2001 að hefja undirbúning virkjunar sem yrði allt að 120 MW í rafmagni og 400 MW í heitu vatni. Voru í kjölfarið boraðar tvær djúpar holur á Hellisheiði, þrjár árið 2002 og tvær árið 2003. Einnig voru boraðar fjölmargar holur til könnunar á grunnvatnskerfum.


Niðurstöður rannsóknarborana 2001 og 2002, ásamt yfirborðsrannsóknum og líkanreikningum, urðu einn af meginþáttum skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Hellisheiðarvirkjunar. Var hún lögð inn síðla árs 2003 og samþykkt í febrúar 2004. Samningar Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um sölu orku til Norður-áls voru síðan undirritaðir í apríl 2004. Skal afhending 80 MW frá Hellisheiðarvirkjun hefjast haustið 2006. Ljóst þótti við undirritun að verktíminn yrði skammur og framkvæmdahraðinn að sama skapi mikill.

Íslenskar orkurannsóknir, áður Rannsóknasvið Orkustofnunar, hafa verið Orkuveitunni til ráðgjafar í þessari stóru framkvæmd. Má segja að beitt hafi verið flestum þeim verkfærum sem tiltæk voru, hvort sem lítið er til yfirborðsrannsókna eða borana. Allar þessar athuganir hafa verið sameinaðar í eitt hugmyndalíkan af jarðhitakerfinu, líkan sem skiptir höfuðmáli við staðsetningu á nýjum vinnsluholum. Á grunni þess var þróað viðamikið reiknilíkan af svæðinu og það notað við hagkvæmnireikninga.


Mynd fyrir miðju sýnir hugmyndalíkanið sem starfsmenn ÍSOR hafa þróað af jarðhitunum á Hellisheiði. Öflugt uppstreymi jarðhitavökva á sér stað í megineldstöð Hengilsins. Flæðir það bæði norður til Nesjavalla og eins í suður um Hellisheiði. Tvær u.þ.b. 2000 og 5000 ára gamlar gossprungur, sem ná frá Þjóðvegi á Hellisheiði og norður í Sandey í Þingvallavatni, eru taldar stjórna mestu um heitavatnsstreymið. Þá sér landrekið til þess að u.þ.b. 4 km breiður og sívikkandi sigdalur er á Hellisheiði. Er talið að hann sé jafngamall Henglinum, um 400 þúsund ára.

Eldvirknin í Hengli hefur fyllt jafnóðum í sigdalinn sem landrekið myndar. Hið virka jarðhitakerfi, sem Hellisheiðarvirkjun kemur til með að nýta, hvílir í ungum gosefnum sigdalsins. Talverður hluti þeirra er myndaður undir jökli, sem skilar sér í þykum bólstra- og móbergsmýndunum. Dalfyllan virðist ekki mikið þykkari en 1,5 km. Neðan hennar kemur í eldra, þéttara og eilítið kaldara berg. Uppstreymið undan Hengli hitar síðan unga bergið í dalfyllunni að 250-290 °C.

Staðsetning og hönnun holnanna, sem nú eru boraðar á Hellisheiði, taka mið af hugmyndalíkaninu. Eru þær boraðar á ská og margar holur á sama borteigi. Einkum er holum stefnt á ungu gossprungurnar tvær og þess gætt að hver hola skeri þær á löngu dýptarbili. Stór, lóðrétt misgengi í brúnum Hellisheiðar að vestanverðu hafa einnig verið skil-



Dæmi um kubbaskiptingu í reiknilíkani af jarðhitakerfum í Hengli. Hver bergeiginleiki hefur sinn lit og vex vatnslekt eftir því sem líturinn er heitari.



greind sem álitleg holuskotmörk. Við það er miðað að nýjar holur þveri lóðréttu sprungurnar á 900-1400 m dýpi, en á því bili eru vatnsæðar algengar. Þá eru nýju holurnar sverari en áður. Má segja að árangur alls þessa hafi orðið góður í borunum ársins 2004 og að öflun gufu til nýja orkuversins standist áætlanir.

Alls voru boraðar 6 djúpar holur á Hellisheiði árið 2004, ein djúp niðurrennslishola við Prengslavegamót og neysluvatnsholur fyrir orkuverið á Kolviðarhóli. Sáust mest 5 borar að verki í einu og þótti fáheyrt. Starfsmenn ÍSOR vörðu því talsverðum tíma á Hellisheiði við eftirlit, mælingar, gagnasöfnun og úrvinnslu borgagna. Jarðfræðingar á borvakt greindu svarf jafnóðum og héldu úti dagsskýrslum á vefnum sem lýstu gangi verksins og helstu niðurstöðum. Síritandi gagnasöfnunarbúnaður var tengdur við blásandi holur og niðurstöður birtar jafnóðum á vefsíðum. Alls skilaði ÍSOR 14 áfangaskýrslum um boráfangi. Fulltrúar ÍSOR sátu verkfundi Orkuveitunnar um borframkvæmdina og voru henni innan handar um margvísleg mál og áætlanir sem upp komu og kröfðust oft skjótrar afgreiðslu. Sér slíkrar vinnu þá stað í tölvupósti og fundargerðum Orkuveitunnar.


Nefna má nýjungar af hálfu ÍSOR í Hellisheiðarverkinu árið 2004. Þar hæst hvers kyns örvunaraðgerðir á holum í lok borunar, ýmist með eða án bors. Þannig var vatnsveita skilin eftir þegar bor yfirgaf holu. Síðan var fylgst með upphitnun. Þegar vinnsluhluti holna hafði náð um og yfir 200 °C hita var köldu vatni gusað í þær af krafti í 12 til 24 tíma. Samhliða var fylgst með ástandi niðri í holu og þar beitt nýrri kynslóð hitaþolinnna mæla. Niðurstöður benda ákveðið til þess að holur bæti sig í afköstum við slíkar aðgerðir.

Jafnhliða ádælingu í örvunum fékk loft að svolgrast niður holur í marga klukkutíma. Þegar slökkt var á ádælingunni kom loftið inn í holu á ný, reis upp og endaði í tignarlegu loft- og vatnsgosi. Virðist sem aðgerðin hreyfi við svarfi í vatnsæðum og ná þannig að bæta afköst. Loks má nefna að þegar allt vatn tapaðist í borun lögðust ÍSOR-menn yfir gögn úr síritabúnaði bors. Leitað var vísbendinga um nýjar æðar. Nýttust slíkar athuganir við ákvarðanir um lokadýpi holna.

Hugmyndalíkan jarðhitakerfisins á Hellisheiði. Öflugt uppstreymi jarðhitavökva á sér stað í megineldstöð sjálfs Hengilsins. Flæðir það hvoru tveggja, norður til Nesjavalla og eins í suður um Hellisheiði. Tvær u.þ.b. 2000 og 5000 ára gamlar gossprungur, eru taldar stjórna mestu um heitavatnsstreymi á Hellisheiði. Líkanið er unnið í Fledermaus.




Í lok borunar holu HÉ-13 var reynt að örva hana með því að senda lofttappa niður holuna og láta hana síðan losa lofttappann, þ.e. ropa. Slík aðgerð myndi snúa við rennsli í æðum holunnar og hugsanlega losa svarf úr þeim. Á myndinni sést þegar hola HÉ-13 losar sig við loftið.



Skjálftamælingar í Kröflu

Ný tegund skjálftarannsóknar



Dæmi um klofnun S-bylgna í Kröflu.

Síðastliðið sumar var beitt nýrri tegund skjálftarannsóknar á jarðhitasvæði hér á landi. Þetta var gert að frumkvæði tveggja bandarískra háskóla í Norður-Karólínu fylki (Chapel Hill og Duke), en þeir leituðu samstarfs við ÍSOR.

Settir voru upp 20 skjálftanemar frá PASSCAL á vegum Chapel Hill hópsins og unnið úr gögnum frá þeim. Aðrir 20 skjálftanemar, sem verið er að prófa í Duke voru einnig settir upp, ekki er byrjað að túlka gögnin sem þeir söfnuðu. PASSCAL mælanetið var í gangi frá 5. júlí til 11. ágúst. Ætlunin var að skoða áhrif niðurdælingar á skjálftavirkni og miðja netsins var því í niðurrennslisholunni (K-26) og náði u.þ.b. 2 km út frá henni.

Rannsóknaraðferðin er margþætt, en helstu þættir hennar eru:

- Athugun á klofnun S-bylgna
- Prívíddardreifing hljóðhraða
- Kortlagning á skjálftaupptökum


